

Það læra börn sem þau búa við

Þróunarverkefni Heilsuleikskólans Garðasels Reykjanesbæ



Fjóla Ævarsdóttir

Hrönn Sól Guðmundsdóttir

Helgi Arnarson Fræðslustjóri

Guðrún Katrín Jónsdóttir

Rannveig Arnarsdóttir

Efnisyfirlit

„Það læra börn sem þau búa við“	3
Markmið verkefnisins.....	3
Skipulag og framkvæmd	4
• Lubbi finnur málbein.....	4
• Lærum og leikum með hljóðin.	4
• Leikur að læra.....	4
• Sögugrunnur.....	4
• Numicon.	4
• Orðaspjall.	4
• Bínubækurnar.	5
• Ljáðu mér eyra spil.	5
• Mímí.	5
• Tákn með tali.	5
• Stærðfræði.....	5
Kynning á verkefninu	6
Vikuáætlanir	7
Vinnustundir og útlagður kostnaður	9
Framkvæmd og upplifun starfsfólks á vikuáætlunum í febrúar 2016	12
.....	12
Niðurstöður og mat.....	13
Viðauki	15
Lundur 2-3 ára börn	15
Þúfa 3-4 ára börn.....	19
Hvammur 4-5 ára börn.....	23
Varða 5-6 ára börn.....	26
Matsblað fyrir starfsfólk	29



„Það læra börn sem þau búa við“

Árið 2011 ákvað fræðslusvið Reykjaneshæjar að fá leikskólana til að taka þátt í framtíðarsýn í menntamálum bæjarfélagsins. Sama ár var gefin út ný aðalnámskrá fyrir leikskóla með breyttar áherslur í námi barna. Framtíðarsýnin var meðal annars með það að leiðarljósi að efla markvissa kennslu og þjálfun í undirstöðuatriðum lesturs og stærðfræði snemma á skólagöngunni. Markmið framtíðarsýnnar er að skapa nemendum betri tækifæri til náms og um leið að bæta námsárangur barna á svæðinu. Í kjölfarið voru gerð markmið og leiðir að þeim fyrir alla árganga leikskólans.

Deildarstjórar leikskólans fóru í að finna fjölbreytt námsefni og leiðir að þeim markmiðum sem framtíðarsýnin stendur fyrir ásamt því að móta eigin aðferðir til að halda okkar sérkennum sem leikskóli með aukna áherslu á að efla læsi og stærðfræði með börnunum. Það sem við höfðum að leiðarljósi var að leikurinn og gleðin yrðu að vega mest, því þannig læra börnin best.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að finna efnivið og gera heildstæðar áætlanir í hópastarfi fyrir hvern árgang, sem uppfyllir þau markmið sem leikskólinn setti sér fyrir framtíðarsýn Reykjaneshæjar. Áætlanirnar verða sem rauður þráður í daglegu starfi innan heilsuleikskólans Garðasels.



Skipulag og framkvæmd

Það kennsluefni sem við ákváðum að nota í hópastarfi og myndi uppfylla þau skilyrði sem við settum okkur í upphafi er m.a.:

- Lubbi finnur málbein.

Byggt er á *Hljóðanámi í privídd*, hugmyndafræðilegri nálgun er höfundar hafa þróað og felur í sér samþættingu skynleiða; sjón-, heyrnar- og hreyfi-/snertiskyns sem auðveldar og hraðar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni (Gísladóttir & Másdóttir, 2009).

- Lærum og leikum með hljóðin.

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Málhljóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er í skemmtilegum æfingum í bókum, spilum og myndbandsefni (Guðmundsdóttir).

- Leikur að læra.

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem öll kennsla er hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. *Leikur að læra* er að mestum hluta kennarastýrður leikur en þar sem frjálsi leikurinn fær sitt rými (Einarsdóttir).

- Sögugrunnur.

Sögugrunnur er hugsaður sem námstæki til að hjálpa börnum við frásögn, sögugerð með því að nota leik sem kennsluaðferð. Með aðferðinni er hægt að tengja saman hugsun og mál á hlutbundinn hátt. Myndirnar lifna við í höndum barnsins og hjálpa því að skipuleggja og segja söguna. Einnig má nota námsgagnið á fjölbreyttan hátt til að örva málþroska og læsi og til íslenskukennslu barna með fleiri en eitt tungumál (Sigursteinsdóttir & Oddsdóttir).

- Numicon.

Numicon eru hlutbundin námsgögn og eru fyrst og fremst hjálpartæki ætluð nemendum sem eru að byrja að læra stærðfræði og nemendum sem eiga við stærðfræðiörðugleika að stríða. Með því að nota Numicon-gögnin má setja upp stærðfræðidæmi án þess að búa yfir sérstakri stærðfræðikunnáttu. Á þann hátt eykur Numicon möguleika allra nemenda til að læra stærðfræði (Valdimarsdóttir & Sigurðardóttir).

- Orðaspjall.

Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Leikskólabörn læra í gegnum leik og því er mikil áhersla lögð á orðaleiki og leikræna tjáningu í íslenska Orðaspjallinu (Jónsdóttir, 2013).

- Bínubækurnar.

Í bókinni Bínu bálreiðu er unnið með undirstöðupætti boðskipta og byggt á hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun, þ.e. að grípa nógu snemma inn í til að styrkja boðskiptafærni hjá ungum börnum (Snorradóttir Á. B.).

- Ljáðu mér eyra spil.

Hugmyndafræðin gengur út á að styrkja hljóðkerfisvitund, sem er einn mikilvægasti undirstöðupáttur fyrir lestur (Snorradóttir & Guðjónsdóttir).

- Mímí.

Samanstendur af barnabókum um MiMi sem eru ætlaðar sem málörvunargagn þar sem stuðst er við tákn með tali. Bækurnar eru fyrir börn frá 8 mánaða til 4 ára aldurs, aðstandendur og aðra áhugasama til að læra tákn með tali á einfaldan og skemmtilegan hátt (Skaftadóttir & Kristjánson).

- Tákn með tali.

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem upphaflega var þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaröskun. Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Um er að ræða náttúruleg tákn s.s bendingar, látbragð og svipbrigði að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnarlausra. Áherslan er lögð á að tákna lykilorð hverrar setningar (Tákn með tali).

- Stærðfræði.

Stærðfræði í leikskóla. Að börnin þekki tölutáknin, stærðfræðihugtökin, formin, stærð, fjölda og að tölutáknin séu sýnileg (Leikskólastærðfræði).



Kynning á verkefninu

Til að geta búið börnunum okkar námshvetjandi umhverfi sem eflir bernskulæsi og stærðfræði öfluðum við okkur þekkingar á því námsefni sem við ákvaðum að styðjast við og nota. Fórum við á námskeið, ráðstefnur, fengum til okkar fyrirlesara eða lásam okkur til um efnið. Í upphafi kynntum við hugmyndina að verkefninu fyrir starfsfólkinu okkar á deildarfundum ásamt að sýna þeim uppkast að vikuáætlun. Við höldum kynningar fyrir starfsfólkið á efninu á starfsmannafundum til að leiða það áfram í vinnunni með okkur og efla það. Starfsfólkið fékk það hlutverk eftir að hafa unnið eftir vikuáætlunum í nokkurn tíma að meta hvernig gengi (sjá viðauka).

Einnig kynntum við verkefnið fyrir foreldrum, settum tilkynningu á heimasíðu skólans og sendum foreldrum allra árganga áætlanirnar í tölvupósti vikulega og vikuáætlanir hvers eru aðgengilegar á hverri deild fyrir sig.



Vikuáætlanir

Eftir að hafa ákveðið hvaða efniviður yrði notaður var farið í að gera heildstæðar vikuáætlanir fyrir hvern árgang yfir veturinn og urðu vikurnar 27 talsins að meðaltali (sjá vikuáætlun Sýnishorn af tveimur vikuáætlunum hvers árgangs fyrir sig má sjá í viðauka).

Hver vikuáætlun samanstendur af fjórum klukkustundarlöngum hópavinnutímum þar sem hver kennari er með færri börn í ákveðnum verkefnum. Við skiptum hverri viku niður í læsi, stærðfræði, vettvangsferð og síðan eftir aldri barnanna í málörvun og könnunarleik.

Í hópavinnutímum leggjum við áherslu á:

- Læsi í víðum skilningi. Að börnin séu læs á umhverfið sitt, að ritmálið sé sýnilegt, við eflum lesskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund.

Bernskulæsi er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari læsis. Það vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri áður en formleg lestrarkennsla hefst í grunnskóla. Hugmyndin felst í því að ung börn byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti við fullorðna og önnur börn (Christie, Enz, & Vukelich, 2007).

- Stærðfræði í leikskóla. Að börnin þekki tölutáknin, stærðfræðihugtökin, formin, stærð, fjölda og að tölutáknin séu sýnileg.

Í leikskóla er stærðfræði eðlilegur en jafnframt nauðsynlegur hluti í leik og starfi barna. Þar má sjá að börn glíma við stærðfræðileg viðfangsefni á hverjum degi og í fjölbreyttum aðstæðum án þess að þau hugsi um að það er stærðfræði sem þau eru að fást við. Margir fullorðnir hugsa að börn eigi að læra stærðfræði af því að það er gott fyrir þau og þau hagnast af því, en börnin sjálf hafa allt aðrar forsendur. Þau læra stærðfræði einna helst af því að þeim finnst hún skemmtileg, áhugaverð og heillandi og af því hún hjálpar þeim í daglegu lífi (Reikerås, 2008). Öll leikskólabörn hafa löngun til að læra og þessa löngun má ekki taka frá þeim. Eftir því sem þau fá fleiri tækifæri til að skoða og rannsaka á eigin forsendum og byggja upp þekkingu sína, því meiri verður hæfni þeirra í áframhaldandi námi (Stedøy-Johansen & Settemsdal, 2008).

- Vettvangsferðir

Tilgangur vettvangsferða er að börnin verði meðvitaðri um umhverfi sitt og þá möguleika sem það býður upp á. Í þessum ferðum læra börnin ógrynna af hlutum sem tengjast náttúrunni, samskiptum, læsi eða stærðfræði. Í vettvangsferðum má finna mikið af rit- og lesmáli í umhverfinu: allskonar skilti, minnismerki, listaverk, bílnúmer, húsnúmer og fl. Í vettvangsferðunum er kjörið að hvetja börnin til að nota skynfæri sín sem mest og opna augu þeirra fyrir hinu smáa sem hinu stóra (Tjarnarsel, 2002).

- Könnunarleikur með börnum á yngstu deild. 2-3 ára.

Könnunarleikurinn er afar vinsæl aðferð yngstu barnanna til að rannsaka umhverfi sitt. Undirstaða rannsókna þeirra er auðvitað fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun, en umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt. Þannig að það styðji við og ýti undir könnunarpörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, hlusta, sleikja. Þau pæla í jafnvægi, rými, afstöðu og fleira og fleira (Goldschmied & Jackson, 2004). Þetta er námsaðferð sem tekur til margra þátta og hennar meginmarkmið beinast fyrst og fremst að þekkingu, færni, námsvenjum og tilfinningum. Til að kennarinn geti aðstoðað börnin í þekkingarleit sinni þarf hann fyrst að kanna hvað börnin vita um viðfangsefnið í upphafi og í framhaldi af því getur hann stutt börnin í að byggja ofan á fyrri þekkingu sína með rannsóknum (Helm & Katz, 2001). Með könnunaraðferðinni læra börnin að rannsaka á eigin spýtum með fjölbreyttum aðferðum. Það skiptir máli að börnin kanni, rannsaki og finni sjálf svör við spurningum sínum (Helm & Katz, 2001) og þannig bæta þau smám saman við þekkingu sína.





Vinnustundir og útlagður kostnaður

1. Fundur

Óformlegur fundur þar sem við ræddum hvernig við gætum markvisst unnið að samþættingu þeirra áskorana sem heilsustefnan, leikskólinn, framtíðarsýn Reykjanesbæjar í stærðfræði og læsi ásamt nýjum áherslum í aðalnámskrá leikskóla fela í sér.

Ræddum um að finna námsefni sem stuðlar að þeim þáttum sem efla bernskulæsi og stærðfræði.

2. Fundur

Tókum til námsefni sem til var og tengdum við hvern árgang fyrir sig og hvernig við gætum nýtt það sem leið að stigvaxandi þekkingu barnanna (2 – 6 ára). Upphafspunkturinn er leikurinn og er hann ávallt í forgrunni því það er eðlilegt fyrir barn að læra í gegnum hann.

3. Fundur

Röðuðum upp námsefninu út frá þeim kynningum sem við höfðum um hvert námsefni og röðuðum upp með hliðsjón af þroska barnanna á ákveðnum aldri þ.e. hvaða námsefni og gögn henta börnum sem eru á tveggja ára, þriggja ára, fjögura ára og fimm ára.

Skrifuðum niður þá námsþætti sem ætlunin var að leggja áherslu á í hverjum hópavinnutíma og röðuðum upp í vikuáætlun. Þannig var ákveðið að allir

þættir læsis og stærðfræði fengju jafnt vægi. Í annarri hverri viku var áherslan lögð á þessa námsþætti í stærðfræði; litir, talning, tölustafir 1 – 10 út frá aldri barnanna. Áherslan í læsi; para saman hljóð og mynd, hljóða bókstafi í Lubba og bókstafa-bingó. Í vikunum á móti var áherslan í stærðfræði á þessa námsþætti; formin, stærðfræði-hugtök, stærð og fjölda. Áherslan í læsi; Rím spil, rímveggur og þjálfun með skriffæri, skæri og gróf- og fínhreyfingar. Þegar hér var komið ákváðum við að bæta fleiri námsþáttum inn eftir því sem liðið á veturinn.

Í vettvangsferðum tengjum við alla námsþætti saman og leitum uppi eitt og annað í umhverfinu sem tengist þessum þáttum

4. Fundur

Ákveðið var að leggja þetta fram sem verkefni og sækja um styrk í vísindasjóð FL og FSL til að gera þetta vel úr garði og auka við tímum sem þetta verkefni hafði í för með sér. Þegar við vorum búnar að fá já með fyrirvara um hver skildi leiða verkið, leituðum við til Helga fræðslustjóra um aðstoð og leiðsögn. Þegar hér var komið sögu voru kennarar í öllum leikskólanum byrjaðir að vinna eftir vikuáætlunum á öllum deildum. Við vildum sjá hvernig gengi fram á vor.

5. Fundur

Hittumst til að ræða fyrirkomulag verkefnisins og hvernig við gætum metið hvernig hópavinnu tímarnir gengu fyrir sig hjá öllum kennurum. Gerðum við matsblað fyrir kennara til að koma með ábendingar og leiðir um hvað væri hægt að bæta og hvernig þá (sjá fylgiskjal). Það er von okkar að með þessu mati fáum við betri sýn á fyrirkomulag og skilvirkni vikuáætlana fyrir alla námsþætti sem við vinnum eftir.

Þess má geta að hópavinnutími stendur yfir í u.þ.b. 20 – 60 mínútur á dag 4 daga vikunnar. Tímalengd fer eftir áhuga og virkni barnahópsins.

6. Fundur

Hittumst til að fara yfir regluverk og framkvæmd þróunarverkefnisins út frá reglum úthlutunarsjóðs. Okkur varð ljóst að verkefnið yrði nokkuð stórt en að það yrði okkur mikil og gagnleg útlistun á því sem við segjumst vera að vinna að og hvernig við stöndum við það í leikskólanum okkar.

7. Fundur

Farið yfir hvernig hefur gengið og farið yfir matsblöð sem við lögðum fyrir starfsfólkið. Í foreldrasamtölum voru foreldrar spurðir út í upplifun sína af verkefninu.

8. Fundur

Unnið að lokaskýrslu.

Úthlutaður styrkur var töluvert lægri en sótt var um þar af leiðandi leituðum við í okkar sjóði hjá Kennarasambandinu fyrir námsskeiðs kostnaði. Við vorum duglegar að lesa okkur til, skiptum niður á okkur verkefnum og hittumst síðan og ræddum um efnið utan hefðbundins vinnutíma þannig að styrkurinn fer í launaskostnað vegna vinnu okkar utan hefðbundins vinnutíma.

Kostnaðaráætlun

- Námskeið og ráðstefnur x4 deildarstjórar samtals: 492000 kr.
 - a. TMT tákn með tali
 - b. Mímí bækur (tákn með tali) höf: Hanna og Hjalti
 - c. Lubbi finnur málbein – kennsluefni talmeinafræðingana Eyrúnar Í. Gísladóttur og Þóru Másdóttur
 - d. Ljáðu mér eyra og Bínu bækurnar – Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur
 - e. Orðaspjall – Leikskólinn Tjarnarsel, Árdís Jónsdóttir
 - f. Lærum og leikum með hljóðin – kennsluefni Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings
 - g. LAL – leikur að læra kennsluefni eftir Kristínu Einarisdóttur, íþrótta- og grunnskólakennara – bókleg fög kennd í gengum leiki og hreyfingu.
 - h. Sögugrunnur – námsgagn til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskóla, höf: Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir.
 - i. Numicon – stærðfræðikubbar, Kristín Wallis
 - j. Hugur og fluga – hljóðkerfisvitundarspil, höf. Hugborg Erlendsdóttir

- Vinna utan hefðbundins vinnutíma x 4 deildarstjórar samtals: 500000 kr.
 - a. Lesa handbækur og ítarefni sem tengjast námsefni
 - b. Flokka og raða niður námsefni sem unnið verður með
 - c. Vikuáætlanagerð fyrir hvern árgang
 - d. Fundir deildarstjóra vegna mats á framgangi verkefnis
 - e. Vinnufundir vegna innleiðingar á nýrri námsáætlun
 - f. Kynning á verkefninu til annarra kennara í leikskólanum

Kostnaður alls

992000 kr



Framkvæmd og upplifun starfsfólks á vikuáætlunum í febrúar 2016



Flestir kennarar leikskólans tóku þátt í könnunni og skiluðu niðurstöðum um hvernig þeir unnu með áætlanirnar, hvað betur mætti fara og komu með ábendingar og tillögur um breytingar.

Kennarar voru almennt ánægðir með vikuáætlanirnar og fannst gott að styðjast við þær í vinnunni með börnunum. Þá töldu þeir að vinna svona þvert á leikskólann með stærðfræði og læsi skilaði sér í ánægðari kennurum og börnum. Nýir kennarar fundu fljótt hversu mikið öryggi vikuáætlanirnar veittu þeim í starfinu. Eftir því sem kennarar urðu öruggari í að vinna með vikuáætlanirnar fóru þeir að færa sig út úr þeim ramma og finna leiki og aðferðir til að vinna með börnunum á fjölbreyttari hátt en héldu samt grunninum í áætlununum.

Niðurstöður matsins sýnir okkur að öruggir kennarar eru ánægðari í starfinu og börnin eru virk og glöð í leikskólanum.

Niðurstöður og mat

Þetta verkefni hefur gert það að verkum að kennslan er orðin markvissari, fjölbreyttari og einnig ríkir mikil gleði í barnahópnum í hópavinnustundum. Allur skólinn vinnur að sameiginlegri sýn, allir kennarar eru öruggir í starfi og allar deildir ræða sín á milli um markmiðin og leiðir í starfinu. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá foreldrum þar sem börnin virðast halda áfram að „vinna“ heima með það sem við leggjum áherslu á í hópavinnunni. Það hefur verið mjög skemmtilegt að vinna að þessu verkefni, afla sér upplýsinga og fræðast um læsi í víðasta skilningi og stærðfræði með leikskólabörnum.

Það er okkar mat að upphaflegum markmiðum hafi verið náð, læsi og stærðfræði eru orðin sýnilegri, börnin sýna árangur í læsi og stærðfræði og kennarar sýna öryggi og frumkvæði í tengslum við hópavinnuna. Með þessu þróunarverkefni höfum við lagt grunninn að markvissu leikskólanámi barnanna í leikskólanum Garðaseli og börnin virðast vera að tileinka sér námið í gegnum gleði og leik. Yfirskrift verkefnisins „það læra börn sem þau búa við“ stendur undir nafni.

Þróunin á verkefninu heldur áfram og verður endurskoðað árlega.



Heimildaskrá

(án dags.).

Christie, J., Enz, B., & Vukelich, C. (2007). *Teaching language and literacy. Preschool through the elementary grades*. Boston: Pearson.

Einarsdóttir, K. (án dags.). *Leikur að læra*. Sótt 25. 04 2016 frá <http://leikuradlaera.is/index.php/um-lal/hvad-er-leikur-adh-laera>

Gísladóttir, E. Í., & Másdóttir, Þ. (2009). *Lubbi finnur málbein*. Sótt 26. 04 2016 frá <http://www.lubbi.is/index.php/ct-menu-item-17/serstadha-lubbaefnisins>

Goldschmied, E., & Jackson, S. (2004). *People under Three, Young Children in Day Care (2nd editon)*. London & New York, 2004: Routledge.

Guðmundsdóttir, B. (án dags.). *Lærum og leikum með hljóðin*. Sótt 19. 04 2016 frá http://laerumogleikum.is/wp-content/uploads/2013/12/LogL_kynning03.pdf

Helm, J. T., & Katz, L. G. (2001). *Young Investigators: The project approach in the early years*. New York: Teachers College Press.

Jónsdóttir, Á. H. (2013). *Orðaspjall*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.

Leikskólasterðfræði. (án dags.). Sótt 26. 04 2016 frá http://www.leikskolastaerdfraedi.net/?page_id=35&ckattempt=1

Reikerås, E. (2008). *Temahefte: om antall, rom og form i barnehagen*. Oslo: Kunnskapsdepartementet.

Sigursteinsdóttir, G., & Oddsdóttir, R. (án dags.). *Sögugrunnur*. Sótt 25. 04 2016 frá <http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjolmenningileikskola/Soegugrunnurinn.pdf>

Skaftadóttir, H. K., & Kristjánson, H. (án dags.). *MiMi*. Sótt 24. 04 2016 frá <http://www.skema.is/namskeid/mimi---takn-med-tali/>

Snorradóttir, Á. B. (án dags.). *Bína bálreiða og Bína fer í leikskóla*. Sótt 25. 04 2016 frá http://www.talstudio.is/index.php?option=com_content&view=article&id=51:snemmtaek-ihlutun-og-baekurnar-um-binu&catid=35:almennt&Itemid=53

Snorradóttir, Á. B., & Guðjónsdóttir, V. B. (án dags.). Sótt 24. 04 2016 frá <http://a4.is/product/ljadu-mer-eyra-spil-undirbuningur-fyrir-lestur>

Stedøy-Johansen, I. M., & Settemsdal, M. R. (2008). Gi barna matematikk når de er mest lærelystne. Í *Barnehageheftet*. Bergen: Caspar Forlag.

Tákn með tali. (án dags.). Sótt 25. 04 2016 frá <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

Tjarnarsel, L. (2002). *Vettvangsferðir Tjarnarsels*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.

Valdimarsdóttir, E., & Sigurðardóttir, Ó. Ó. (án dags.). *Greinargerð með lokaverkefni*. Sótt 25. 04 2016 frá http://skemman.is/stream/get/1946/376/1588/5/EV_OOS_Greinargerð.pdf

Viðauki

Hér koma tvær vikuáætlanir frá hverjum aldurshóp.

Lundur 2-3 ára börn

Vinnuáætlun 09.nóv. - 13.nóv. 2015 Vika 6

(Foreldrasamtöl þessa viku, hópavinna gæti raskast)

Könnunarleikur

- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum.
- Könnunarleikur : börnin leika sér með efnivið sem örvar skynfærin með því að snerta, þefa og skoða og smakka. Efniviður sem notaður er: dósir, kökubox, öskjur, keðjur, klemmur, rör ofl bæði úr plasti og pappa. Börnin stafla efninu, raða því og setja saman. Í lok leiksins er svo tiltekt þar sem allir hjálpast að við að taka saman.

Læsi

Undirbúningur fyrir hljóðamyndun og tal.

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, klöppum atkvæðin í nöfnunum.
- Lærum og leikum með hljóðin. Bókin og I-padinn notaður. Stafurinn H, hvernig heyrir í honum, æfum bullorð með H og segjum orð með H. Kíkjum í spegilinn og sjáum okkur hlæja, Ha, ha, ha
- Tákn með tali bókin „Mimi lærir litina“ Einföld hreyfitákn notuð til stuðnings töluðu máli. **Orðaspjallsaðferð** ..Syngjum lagið: **buxur, vesti, brók og skór**
- **Spjöldin** „Everyday objects“ skoðuð saman. Myndir af hversdagslegum hlutum sem notuð eru til að örva tjáningu. Flokkurinn fatnaður tekinn fyrir og skoðaður.

Stærðfræði

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni
- Stærðfræði: æfum okkur að telja t.d. fingurnar okkar. Leikum með stærðfræði „skordýr“ sem er hægt að taka í sundur og setja saman. Þessi efniviður æfir bæði formin og talningu.
- Kynnumst hugtökum stærðfræðinnar: Setjum t.d. bílana-kubbana hlið við hlið og athugum hvort er stærra eða minna. Hvort er lengra eða eru leikföngin jafnstór, hvað er þyngra, léttara. Raða og flokka eftir lit, stærð os.frv.
- Skoðum tölustafina, formin og höldum áfram að læra litina, skoðum bækurnar Litir og Tölur og förum í **lita – spil**.
- Kubbaleikur: einingakubbar, Numicon stærðfræðikubbar og legó kubbar

Vettvangsferð

- Vettvangsferð- Fataklefi
- Æfum okkur í sjálfshjálpi með því að reyna sjálf að fara í fötin. Föllum fyrst í stutta gönguferð um leikskólann og færum okkur svo út fyrir og skoðum þá meira hvað sjáum við í umhverfinu. Eru stafir og orð á skiltum, húsum os.frv.
- Lærum að vera í hóp og að leiða hvort annað áður en haldið er af stað út fyrir leikskólalóðina.



Lita - spil

Buxur, vesti, brók og skór

Íslenskt þjóðlag
Jónas Hallgrímsson

**Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.**

Könnunarleikur

- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum.
- Könnunarleikur : börnin leika sér með efnivið sem örvar skynfærin með því að snerta, þefa og skoða og smakka. Efniviður sem notaður er: dósir, kökubox, öskjur, keðjur, klemmur, rör ofl bæði úr plasti og pappa. Börnin stafla efninu, raða því og setja saman. Í lok leiksins er svo tiltekt þar sem allir hjálpast að við að taka saman.

Læsi

Undirbúningur fyrir hljóðamyndun og tal.

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, klöppum atkvæðin í nöfnunum.
- Lærum og leikum með hljóðin. Stafurinn P , hvernig heyrir í honum, æfum bullorð með P og segjum orð með P .
- Spjöld: með myndum sem byrja á P og finna eins mynd (para saman)
- Tákn með tali bókin „Mimi fer til læknis“ Einföld hreyfitákn notuð til stuðnings töluðu máli, **orðaspjallsaðferð...** Syngjum lagið **við klöppum öll í einu og við sofum öll í einu...**
- **Spjöldin** „Everyday objects“ skoðuð saman. Myndir af hversdagslegum hlutum sem notuð eru til að örva tjáningu. Flokkarnir **húsgögn og persónulegir hlutir** teknir fyrir og skoðaðir.

Stærðfræði

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni
- Stærðfræði: æfum okkur að telja t.d. hvað eru mörg börn og hvað erum við í mörgum peysum os.frv.?
- Kynnumst hugtökum stærðfræðinnar: Setjum t.d. bílana-kubbana hlið við hlið og athugum hvort er stærra eða minna. Hvort er lengra eða eru leikföngin jafnstór, hvað er þyngra, léttara. Raða og flokka eftir lit, stærð os.frv.
- Skoðum tölustafina, formin og höldum áfram að læra litina, skoðum bækurnar Litir og Tölur og förum í **lita – spil** sem einnig örvar fínhyrningar.
- Kubbaleikur: einingakubbar, Numicon stærðfræðikubbar og legó kubbar

Vettvangsferð

- Vettvangsferð- Fataklefi
- Æfum okkur í sjálfshjálpi með því að reyna sjálf að fara í fötin. Förum fyrst í stutta gönguferð um leikskólann og færum okkur svo út fyrir og skoðum þá meira hvað sjáum við í umhverfinu. Eru stafir og orð á skiltum, húsum os.frv.
- Lærum að vera í hóp og að leiða hvort annað áður en haldið er af stað út fyrir leikskólalóðina.

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu,

við klöppum öll í einu,

við klöppum öll í einu,

það líkar okkur best.

Allir syngja lagið og klappa taktinn. Svo má bæta við erindum t.d. hlæja og þá hlæja allir saman, við **sofum öll í einu** og stappa og allir stappa saman, hoppa öll í einuo.s.frv.



Lita – spil sem örvar einnig fínhyfingar

6. vika - Í – Ísland 19.-23.okt

1. Sögulestur og orðaspjall

Áhersla lögð á leikræna tjáningu og leiklestur..

- **Vísa: „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺**
- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum, heimilisfang, klöppum atkvæðin. Í hvaða bæ búum við? Hvað heitir hann
- **Bína bók nr. 3** hugmynd af orðum til að kenna: **dugleg, heppin og skellihlæja** (sett á strimil) Orð útskýrð þegar þau koma fyrir í sögunni og hvetjum börnin til að segja orðið, staldra við, klappa orðið, hvísla það og segja í kór. Tilgangurinn er ekki að klára bókina heldur læra ný orð og hvetja til börnin til að segja frá. Gott að spyrja spurninga til að athuga skilning. Gott að æfa sig í bullrími og skoða rímvegg og rímvísu
- **Æfa grip á skærum og klippifærni, klippa mismunandi gerð af pappír.**

2. Hljóðamyndun, stafabekking Í og hljóðkerfisvitund

- **Vísa: „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺**
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, heimilisfang, klöppum atkvæðin í nöfnunum. Hvað heitir bærinn okkar?
- I-pad – **Í**- úr lærum og leikum með hljóðin.
- **Leikur að læra (LAL) námsefnið- stafaveiðar**, stafurinn Í. Finna ferðamáta sem þjálfar þætti eins og þol, jafnvægi, styrk (hoppa, skríða, hlaupa, köngulóarskrið) o.s.frv. áður en fyrirmælin eru gefin. **Fyrirmæli geta verið:**
Ná í stafinn sinn, ná í pabba/mömmu staf, ná í stafinn sem ákveðinn mynd á, ná í staf sem á þetta hljóð (**kennari hljóðar, málhljóð Lubba**), ná í alla stafi í nafninu sínu. Finna líka bullorð, **Ís -Íl -ín** og fleiri..
- Para saman myndir (lærum og leikum með hljóðin) myndir af hlutum sem byrja á bókstafnum **Í**

3. StærðfræðiÁhersla lögð á formin, stærðfræði-hugtök, stærð og fjölda

- **Vísa: „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺**
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni(atkvæðin), heimilisfang og hvað heitir bærinn okkar ?
- **Syngja um formin, fíllinn Ellý er að læra um formin...** Teikna og lita inn í form
- **LAL námsefni** notað til að kenna formin og stærðfræðihugtök
Atómleikur (húsaleikur), tengja fjölda við tölustaf, gott að nota húllahringi sem hús. Smáhlutasafnarinn (börnin með afmarkað svæði t.d. pönnukökur) Kennari gefur fyrirmæli um ferðamáta og hvað það er sem börnin eiga að framkvæma t.d. skríða, hoppa, dansa. Hvernig líta formin út? Kubbaleikur: Numicon kubbar eða einingakubbar notaðir til að örva hugtök, stærð, talningu og fjölda.

Fimmtudagur

- **Vettvangsferð**- Fataklefi-sjálfs hjálp
- Skoðum umhverfi okkar út frá læsi og stærðfræði, götuheiti, númer húsanna, bílnúmer, formin í umhverfinu og skiltin svo eitthvað sé nefnt.

Rímvísa um líkamann

Erpettapenni- neipettaerenni
Erpetta kaka- neipettaer haka
ErpettaStebbi- neipettaernebbi
ErpettaUnnur- neipettaermunnur
Erpettatár- neipettaerhár
Erpettalunga- neipettaertunga
Erpettaskinn- neipettaerkinn
Erpettalönd- neipettaerhönd
Erpettaslingur- neipettaerfingur
Erpettahagi- neipettaer magi
Erpettaskæri- neipettaerlæri
Erpettahálfur- neipettaerkálfur
Erpettatré- neipettaerhné
Erpettagil- neipettaeril
Erpettaká- neipettaertá
Erpettaskass- neipettaerrass

VÍSA - STAKA

AÐ LESA OG SKRIFA LIST ER GÓÐ,
LÆRI ÞAÐ SEM FLESTIR.
ÞEIR ERU HALDNIR HEIMS HJÁ ÞJÓÐ
HÖFÐINGJARNIR MESTIR

Höfundur óþekktur

Fíllinn Ellý lærir um formin.

Ellý, Ellý, fíllinn Ellý

Er að læra um formin.

En Ellý, hún er alltaf að ruglast.

Kannski þurfum við að hjálpa?!

Ellý, Ellý, fíllinn Ellý

Er að læra um formin.

Er þetta hringur eða ferhyrningur?

Kannski er það þríhyrningur?!



7. vika Ú – úrhellisrigning 26.-30. okt.

4. Sögulestur og orðaspjall

Áhersla lögð á leikræna tjáningu og leiklestur..

- **Vísa:** „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺
- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum, heimilisfang, klöppum atkvæðin. Í hvaða bæ búum við? Hvað heitir hann?
- **Bókin:** hver tók skóinn minn (Hermann) auðveldar börnunum að skilja hugtökin hver, hvað, hvar og hvenær og fl. Orð útskýrð þegar þau koma fyrir í sögunni og hvetjum börnin til að segja orðið, staldra við, klappa orðið, hvísla það og segja í kór. Tilgangurinn er ekki að klára bókina heldur læra ný orð og hvetja til börnin til að segja frá. Gott að spyrja spurninga til að athuga skilning.
- Æfa grip á skriffærum og teikna frjálst á blað.

5. Hljóðamyndun, stafabekking og hljóðkerfisvitund

Vísa: „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, heimilisfang, klöppum atkvæðin í nöfnunum. Hvað heitir bærinn okkar?
- Rím fara yfir rímvegg eða myndir og rifja upp ljóðið URÐ OG GRJÓT..... (vika 5)
- I-pad – **Ú**- úr lærum og leikum með hljóðin. Stafaleikur I-pad t.d. „Georg og félagar“
- **LAL** Leikur að læra námsefnið- stafaveiðar stafurinn **Ú**. Finna ferðamáta sem þjálfar þætti eins og samhæfingu, jafnvægi, styrk (hoppa, skríða, klappa, hlaupa, köngulóarskrið o.s.frv. áður en fyrirmælin eru gefin. Fyrirmæli geta verið:
- **ná** í stafinn sinn, ná í pabba/mömmu staf, ná í stafinn sem ákveðinn mynd á, ná í staf sem á þetta hljóð (**kennari hljóðar, máhljóð Lubba**), ná í alla stafi í nafninu sínu. Finna líka bullorð, **Úr, Ús, Úl** og fleiri..
- Para saman myndir tengdar bókstafnum **Ú – og finna hluti sem byrja á Ú**- nota hugmyndaflugið

6. Stærðfræði

Áhersla lögð á litina, talningu og tölustafina frá 1- 5.

- **Vísa:** „að lesa og skrifa list er góð“ sjá á fylgiblaði ☺
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni(atkvæðin), heimilisfang og hvað heitir bærinn okkar ?
- **Nota** áhugaverðar talnabækur sem fela í sér tölur eða gefa kost á að telja
- **LAL** námsefni notað til að æfa tölustafina, talningu og litina. Húsaleikur (tengja fjölda við tölustaf) gott að nota húllahringi sem hús. Smáhlutasafnarinn t.d. nota legókubba (börnin með afmarkað svæði t.d. pönnukökur) Kennari gefur fyrirmæli um ferðamáta t.d. skríða, hoppa, dansa. Gefur svo fyrirmæli með því að: segja töluna, sýna á spjaldi eða kasta stórum tening. Hvernig lítur tölustafurinn út? Finndu eins lit, finndu fjöldan á bak við tölustafinn og fl.
- Kubbaleikur: Numicon kubbar eða einingakubbar notaðir til að örva hugtök, stærð, talningu og fjölda.

Fimmtudagur

- **Vettvangsferð**- Fataklefi-sjálfshjálp
- Skoðum umhverfi okkar út frá læsi og stærðfræði, götuheiti, númer húsanna, bílnúmer, formin í umhverfinu og skiltin svo eitthvað sé nefnt. ´

VÍSA - STAKA

AD LESA OG SKRIFA LIST ER GÓÐ,

LÆRI ÞAD SEM FLESTIR.

ÞEIR ERU HALDNIR HEIMS HJÁ ÞJÓÐ

HÖFÐINGJARNIR MESTIR

höfundur óþekktur



Hermann spyr: **Hver** tók skóinn minn?

Æfum spurnarfornöfnin

6. Hópvinnutími

19. – 23. Okt 2015

Í – í / Ý – ý

Skráning í heilsubækur – vera með hópinn sinn og skrá



1. Sögulestur og orðaspjall / sögugrunnur

Áhersla lögð á leikræna tjáningu og leiklestur..

Vísa; mál er í fjósið

- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum, heimilisfang, klöppum atkvæðin. Í hvaða bæ búum við? Hvað heitir hann?
- **Sögugrunnur: persónur og dýr– skoða og handfjatla**, (má setja orð á strimla) Orð útskýrð þegar þau koma fyrir í **sögugrunninum** og hvetjum börnin til að segja orðið, staldra við, klappa orðið, hvísla það og segja í kór. Markmiðið er að auka orðaforða og hugtök

Örsögur Lubba

2. Hljóðamyndun, stafabekking og hljóðkerfisvitund

- **Vísa; mál er í fjósið**
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, heimilisfang, klöppum atkvæðin í nöfnunum. Hvað heitir bærinn okkar?
- I-pad – **Í Ý -t.d.** úr lærum og leikum með hljóðin, Georg og félagar og aðrir leikir sem til eru í I -PAD (Ruth) ☺
- Bókstafurinn Í Ý – hugmyndir: Leikur að læra námsefnið (LAL) - stafasúpa.
- Finna stafinn sinn og/eða allra í fjölskyldunni hvaða hljóð eiga bókstafirnir (**kennari hljóðar með börnunum máhljóðin hans Lubba**) Rím - orðaspil
- **Sporunarverkefni (sjá hefti)**

3. Stærðfræði

Áhersla lögð á formin, stærðfræði-hugtök, stærð og fjölda

- **Vísa; mál er í fjósið**
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni (atkvæðin), heimilisfang og hvað heitir bærinn okkar? og bæjarstjórinn? en skólastjórinn?
- **Bókin: bangsabókin mín** skoða og spekúlera í fjölda, tölustöfum og litum
- **LAL** námsefni notað til að kenna tölustafina.
- Æfa okkur að telja það sem er í umhverfinu t.d. gluggar hurðar, fingur, krakka kennara
- Kubbaleikur: Numicon kubbar eða einingakubbar notaðir til að örva hugtök, stærð talningu, fjölda.

4. Vettvangsferð

Fataklefi-sjálfs hjálp

Staðir (myndavél út frá sjónarhorni barnsins) – listaverk – Hvammur fer saman í ferðirnar. Skoða út frá framtíðarsýn – stærðfræði og læsi

Mál er í fjósið

(Jónas Hallgrímsson – ort á barnsaldri)

Mál er í fjósið! Finnst mér langt.

Fæ ég ekkert oní mig?

Æi, lífið er svo svangt.

-Enginn étur sjálfan sig

7. Hópvinnutími

26. – 30. Okt 2015

Ú – ú / Úrhellisrigning

Skráning í heilsubækur (ekki eiginleg hópavinna nema skráningar séu búr

(bókstafur vikunnar er samt sem áður tekin fyrir í samveru)



5. Sögulestur og orðaspjall / sögugrunnur

Áhersla lögð á leikræna tjáningu og leiklestur..

Vísa; mál er í fjósið..

- Æfa sig í að segja nafnið sitt og á fjölskyldumeðlimum, heimilisfang, klöppum atkvæðin. Í hvaða bæ búum við? Hvað heitir hann?
- **Sögugrunnur: persónur og byggingar – skoða og handfjatla**, (má setja orð á strimla) Orð útskýrð þegar þau koma fyrir í **sögugrunninum** og hvetjum börnin til að segja orðið, staldra við, klappa orðið, hvísla það og segja í kór.

Markmiðið er að auka orðaforða og hugtök

Örsögur Lubbi

6. Hljóðamyndun, stafabekking og hljóðkerfisvitund

• **Vísa; mál er í fjósið..**

- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni, heimilisfang, klöppum atkvæðin í nöfnunum. Hvað heitir bærinn okkar?
- I-pad – **ú -t.d.** úr lærum og leikum með hljóðin, Georg og félagar og aðrir leikir sem til eru í I-PAD (Ruth) ☺
- Bókstafurinn ú – hugmyndir: Leikur að læra námsefnið (LAL) - stafasúpa.

- Finna stafinn sinn og/eða allra í fjölskyldunni hvaða hljóð eiga bókstafirnir, **(kennari hljóðar með börnunum máhljóðin hans Lubba)** Para saman hljóð og mynd (bókstafa-bingó)
- **Sporun**

7. **Stærðfræði**

Áhersla lögð á litina, talningu og tölustafina frá 1- 10

- **Vísa; mál er í fjósið..**
- Æfa sig að segja nafnið sitt og allra í fjölskyldunni (atkvæðin), heimilisfang og hvað heitir bærinn okkar ?
- **Bókin: bangsabókin mín** skoða og spegúlera í fjölda, tölustöfum og litum
- **LAL** námsefni notað til að kenna tölustafina.
- Æfa okkur að telja það sem er í umhverfinu t.d. gluggar hurðar, fingur, krakka kennara
- Kubbaleikur: Numicon kubbar eða einingakubbar notaðir til að örva hugtök, stærð talningu, fjölda.

8. **Vettvangsferð**

Fataklefi-sjálfs hjálp

Staðir (myndavél út frá sjónarhorni barnsins) – listaverk – Hvammur fer saman í ferðirnar. Skoða út frá framtíðarsýn – stærðfræði og læsi

Mál er í fjósið

(Jónas Hallgrímsson – ort á barnsaldri)

Mál er í fjósið! Finnst mér langt.

Fæ ég ekkert oní mig?

Æi, lífið er svo svangt.

-Enginn étur sjálfan sig

Vinnuáætlun 19. – 23. október 2015

vika 6

Fimmtudaginn 22. október fara tveir hópar í Bókasafn Reykjanesbæjar ☺

Læsi

- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og símanúmeri
- Kynna fyrir þeim stafina Í í og Ý ý. Lesa um Í í og Ý ý í “Lubbi finnur málbein”
Við kennum heiti stafanna, hljóðin æfð, æfðar tengingar tveggja til fjögurra hljóða. Unnið með hljóðakeðjur og lesáttina. Fundið út hvort Í í og Ý ý eru samhljóðar eða sérhljóðar. Finnum orð sem hafa Í í og Ý ý í sér.

Orð vikunnar er **Ísland**

- Börnin æfa sig í stafagerð/skriftarkennsla

Fara yfir „Haustvísu“ (1.+2 + 3. erindi) **Haustvísa**

*Hvert er horfið lafið
sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur
verður hrísan auð.*

*Nú er ís á vatni
sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum
ljóma slær.
Ég brýt heilann um það-segðu mér,
hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun?
Er það komið nú?*

*Nú er grettin jörðin
eins og gamalt skar.
Sjást nú gráar hærur
þar sem grasið var.
Yfir fyrrum gróna bala
liggja frosin spor.
Ég verð kuldatíða að pola
þar til kemur vor.*

- **Málörvun**
- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og símanúmeri
- Lesin framhaldssaga – unnið með Orðaspjallsaðferðina
- Fara yfir „Haustvísu“ (1.- 3. erindi)
- Tjáning – börnin fá að velja sér söguefni og segja sögur á sínum forsendum
- Hugur og fluga – Unnið með rím
- Æfum okkur fyrir Dag íslenskrar tungu

Stærðfræði

- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og afmælisdegi
- Vinna með tölustafina, tókum fyrir tölustafinn 6. Höldum áfram með talninguna, æfum okkur í að telja

- Numicon – lærum að þekkja Numicon-mynstrin (verkefni 2a og 2b) – Búum til mynstur með litlu kubbunum á kubbaplötturnar. Notum einnig aðra litla hluti, td perlur og fleira (verkefni 4a)

Vettvangsferð

- Vettvangsferð um bæinn
 - Finnum töluna 6 (húsnúmer, bílnúmer)
 - Finnum stafina Í í og Ý ý í umhverfinu (á skiltum, götuheitum ofl.)

Bestu kveðjur.

Við leggjum mikið upp úr því að námsefnið sé lifandi og fjölbreytt eins og sést á myndunum hér að neðan ☺

Fleiri myndir má finna á Facebook-síðu 2010-árgangsins.



Þessi börn fundu 4 n á Landsbanka-skiltinu



Leikið með Numicon-stærðfræðiefnið



Fjögur ber ☺

Heimsóknir í Heiðarskóla, okkar heimskóla, hefjast í vikunni. Okkar fyrsta ferð er þriðjudaginn 27. október. Þá fara öll börnin á Vörðu í íþróttahús Heiðarskóla

kl. 11:10-11:50 þar sem Helena íþróttakennari tekur á móti okkur ☺

Læsi

- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og símanúmeri
- Kynna fyrir þeim stafinn **Ú ú**. Lesa um **Ú ú** í "Lubbi finnur málbein"
Við kennum heiti stafanna, hljóðin æfð, æfðar tengingar tveggja til fjögurra hljóða. Unnið með hljóðakeðjur og lesáttina. Fundið út hvort **Ú ú** er samhljóði eða sérhljóði. Finnum orð sem hafa **Ú ú** í sér.

Orð vikunnar er **úrhellisrigning**

- Börnin æfa sig í stafagerð/skriftarkennsla
- Fara yfir „Haustvísu“ (1. - 3. erindi)



Málörvun

- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og símanúmeri
- Lesin framhaldssaga – unnið með orðaspjall ☺
- Fara yfir „Haustvísu“ (1. - 3. erindi)
- Unnið með rím (Ljáðu mér eyra-spil) og gerum verkefni á blaði tengdu rími (Markviss málörvun)
- Æfa lög og vísur fyrir dag íslenskrar tungu

Stærðfræði

- Hver og einn kynnir sig með nafni, heimilisfangi og afmælisdegi
- Unnið með stærðfræði/Numicon – börnin vinna hin ýmsu stærðfræðiverkefni. Röðum upp tölustöfum og drögum Numicon-formin úr poka til að para saman við tölurnar (verkefni 6b)
- Vinna með tölustafina, tókum fyrir tölustafinn **7**. Höldum áfram með talninguna, æfum okkur í að telja. Börnin skrifa tölustafinn **7**

Vettvangsferð

- Vettvangsferð um bæinn – Unnið með stærðfræði og læsi
 - Finnum **7** og **Ú ú** hér og þar í umhverfinu ☺
 - Börnin taka myndir af því áhugaverðasta í umhverfinu þar sem tölur og stafir eru í fyrirrúmi

Bestu kveðjur.

Matsblað fyrir starfsfólk

Framkvæmd og upplifun starfsfólks á vikuáætlunum í febrúar 2016

Kennarar eru beðnir um að rýna til gagns, koma með ábendingar og leiðir að því sem gera má betur

1. Sögulestur og orðaspjall

Hvernig gekk? _____

Hvað má bæta og hvernig? _____

hvernig er upplifun barnanna? Er gleðin ríkjandi? _____

2. Hljóðamyndun, stafabekking og hljóðkerfisvitund

Hvernig gekk? _____

Hvað má bæta og hvernig? _____

Hvernig gekk að vinna með LAL? _____

hvernig er upplifun barnanna? Er gleðin ríkjandi? _____

3. Stærðfræði

Hvernig gekk? _____

Hvað má bæta og hvernig? _____

Hvernig gekk að vinna með LAL? _____

hvernig er upplifun barnanna? Er gleðin ríkjandi? _____

4. Annað sem kennari vill benda á: _____
